



NÁMS- OG STARFSRÁÐGJÖF

Náms- og starfsráðgjafi skólans er **Berglind Elva Tryggvadóttir**

Náms- og starfsráðgjafi er með viðveru í skólanum á miðvikudögum. Ráðgjafi sinnir persónulegri ráðgjöf, m.a. þar sem nemendur fá aðstoð vegna kvíða, reiði og annarra persónulegra málefna sem hafa áhrif á líðan og nám. Einnig styður hann nemendur og liðsinnir í málum sem snerta nám, skólavist, framhaldsnám og starfsval. Jafnframt sinnir hann ráðgjöf til kennara og skólastjórnenda.

Náms- og starfsráðgjafi er málsvari og trúnaðarmaður nemenda og er þjónustan lögbundin í grunnskólum og á að vera aðgengileg fyrir alla nemendur skólans.

Náms- og starfsráðgjafi er bundinn þagnarskyldu um einkamál nemenda, að undanskildum ákvæðum í lögum um barnavernd nr. 80/2002.

Nemendur og forsjáraðilar þeirra geta óskað eftir viðtali en auk þess geta umsjónarkennarar, sérkennarar, deildarstjórar og nemendaverndarráð vísað nemendum til námsráðgjafa í samráði við nemendur sjálfa.

Ósk um viðtal er skráð hjá ritara ritari@stykk.is, deildarstjóra stoðþjónustu iris.fonn@stykk.is eða í síma 4338177.